Endurskoðun Umferðaröryggisáætlunar Ísafjarðar



Unnið fyrir Axel Rodriguez Överby
Unnið af Haraldi Sigþórssyni hjá VHS ehf
27. október 2020

Minnisblað

Yfirleitt þarf að endurskoða umferðaröryggisáætlanir fyrir smærri staði á 5 ára fresti, en oft dregst það aðeins. Svo að kominn er tími til í þessu tilviki, þar sem fyrri áætlunin er frá árinu 2013.

Í mati á ávinningi Umferðaröryggisáætlana sveitarfélaga frá apríl 2020, sem unnin var af VSÓ fyrir Vegagerðina, kemur m.a. fram, að áætlunin fyrir Ísafjörð hafi innihaldið samráðshóp, verkefnisstjóra, forgangsröðun aðgerða, slysatölfræði, vettvangsferð, samráð við íbúa, hugað að öryggi við skóla og fræðslu fyrir skólabörn. Hins vegar hafi vantað að skýrslan hafi verið unnin af verkfræðistofu og kostnaðaráætlun og gönguleiðir skólabarna hafi ennfremur vantað.

Gamla áætlunin var að mörgu leyti ítarleg og vel unnin. Hún var með góða greiningu slysastaða, en skorti yfirsýn, stefnu og umfjöllun um nokkra mikilvæga þætti. Hún átti að skiptast í fjóra hluta: Aðalskjal, greiningablöð, teikningar og kostnaðaráætlun. Tveir síðustu hlutarnir virtust ekki fylgja með. Áhersla var m.a. lögð á að umferðarmerkingar yrðu stórbættar. Almenn umferðarfræðsla fyrir alla aldurshópa yrði stórefld og ábyrgð og samkennd aukin hjá íbúum bæjarins.

Verklag hennar var nokkuð skýrt og áhersla var á öryggi gangandi vegfarenda, eins og vera ber. Slysatölfræði er fyrir árin 2007 til 2011, eða 5 ár, eins og eðlilegast er. Stöðumat er síðan gert fyrir Ísafjörð og Hnífsdal, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri með slysakortum fyrir hvern stað og tillögum. Greiningablöð voru mörg og sýndu vandamálin og lausn greinilega. Hins vegar var hvorki kostnaður tekinn með né örstutt kostnaðar-og ábætagreining, þ.e. ábati/kostnaði. Þetta er afar nákvæm upptalning og of stór hluti skýrslunnar, bls. 24-99. Þá var að megninu um að ræða viðhaldsaðgerðir.

Efnisyfirlit þarf að vera skýrt í endurskoðaðri áætlun. Hér er tillaga:

1. Markmiðssetning og umgjörð.
2. Slysaþróun frá 2013.
3. Gönguleiðir skólabarna - rætt við skóla og lögreglu.
4. Skoða tillögur um lagfæringar í gömlu áætluninni - hvað var framkvæmt?
5. Nýjar tillögur.
6. Tengsl við Vegagerðina um þjóðvegi.
7. Framtíð og umræður.

Af þessum atriðum er einungis gönguleiðir skólabarna, sem drífa þyrfti í, ef það hefur ekki þegar verið gert.

Farið yrði eftir leiðbeiningum, sem Mannvit samdi og Vegagerðin gaf út í janúar 2010. Þar er vinnunni skipt í eftirfarandi atriði: Forsendur og undirbúning, stöðumat og greiningarvinnu, markmið og áhersluatriði, verkefni og lausnir, forgangsröðun, kynningu, framkvæmd og eftirfylgni.

Heimildir:

1. https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdaroryggisaaetl_sveitarfel/$file/Umforyggisaaetl_sveitarfel.pdf

2. http://www.vegagerdin.is/media/rannsoknir/1800-746-19325_sk200103_Umferdaroryggisaaetlanir-Sveitarfelaganna_.pdf

Forsíðulínurit er úr heimild 2 og sýnir slysaþróun fyrir og eftir gerð Umferðaröryggisáætlunar árið 2013, og nær til ársloka 2018.